

Eimskipafélag Íslands hf.

Aðalfundur 9. mars 2023

Haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Sundabakka 2, Reykjavík kl. 16:00

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári
2. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu 2022
4. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum skv. gr. 11.2 í samþykktum félagsins
5. Tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun og breytingu á samþykktum félagsins
6. Tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár að fjárhæð kr. 3.500.000 að nafnverði með greiðslu til hluthafa og breytingu á samþykktum félagsins
7. Tillaga stjórnar um breytingar á greinum 2.6 og 2.7 í samþykktum félagsins
8. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins
9. Kosning stjórnar félagsins
10. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar
11. Kosning endurskoðenda
12. Önnur mál, löglega upp borin

Ályktunartillögur fyrir aðalfund 2023

Öll gögn vegna aðalfundar er að finna á vefsíðu félagsins: www.eimskip.com/investors

2. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2022 verði samþykktur.

3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu 2022

Félagsstjórn leggur til við aðalfund að greiddur verði út arður vegna reikningsársins 2022 sem nemur 20,08 krónum á hlut. Nemi heildarfjárhæð arðgreiðslunnar 3,40 milljörðum króna sem samsvari um 26% af hagnaði ársins. Viðmiðunardagsetning arðgreiðslu verði við lok viðskipta á aðalfundardegi og arðleysisdagur¹ því 10. mars 2023 og arðsréttardagur² 13. mars 2023. Lagt er til að útborgunardagur³ verði þann 19. apríl 2023.

Greinargerð stjórnar:

Rekstrarniðurstöður félagsins á árinu 2022 voru þær bestu frá upphafi, sjóðstreymi frá rekstri var sterkt og lausafjárstaða í lok árs var mjög góð. Arðgreiðslustefnan heimilar tillögu um arðgreiðslu til hluthafa sem nemur milli 10% og 65% af hagnaði fyrra árs. Þessi tillaga er vel innan þeirra marka sem stefnan skilgreinir en stjórn félagsins leitast við að hafa samkvæmni í arðgreiðslum milli ára og endurspeglar tillagan það.

4. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum skv. gr. 11.2 í samþykktum félagsins

Stjórn félagsins leggur fram tillögu um heimild til kaupa á eigin bréfum og breytingu á grundvelli greinar 11.2 í samþykktum félagsins:

„Aðalfundur Eimskipafélags Íslands hf. haldinn 9. mars 2023 veitir stjórn félagsins heimild til að eignast, í einum eða fleiri viðskiptum, allt að 10% af hlutafé félagsins. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að koma á formlegri endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að eignarhald félagsins, og dótturfélaga þess, fari ekki umfram 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Endurgjald fyrir keypta hluti skal vera í samræmi við 3. mgr. 55. gr. laga nr. 2/1995. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

Greinargerð stjórnar:

Á aðalfundi þann 17. mars 2022 var samþykkt heimild til kaupa á eigin hlutum sem gildir í 18 mánuði frá 17. mars 2022 til 17. september 2023. Með þessari tillögu gildir heimildin til 9. september 2024. Tillaga þessi felur í sér að stjórn félagsins sé veitt almenn heimild til þess að koma á formlegri endurkaupaáætlun og/eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Þessa heimild mætti einungis nýta að uppfylltum skilyrðum laga. Verði tillagan samþykkt mun ákvæði svo breyttrar greinar 11.2 gilda um kaup félagsins á eigin hlutum. Tilgangur endurkaupanna er lækkan hlutafjár og/eða til þess að uppfylla skuldbindingar sem kunna að stofnast á grundvelli kaupréttaráætlunar félagsins.

Um endurkaupaáætlanir gilda ítarlegar reglur um veitingu upplýsinga og framkvæmd ákveði stjórn að gera hluthöfum tilboð um kaup á eigin bréfum, þar sem hafa skal jafnræði og gagnsæi að leiðarljósi.

¹ **Arðleysisdagur** er sá dagur sem viðskipti hefjast án arðsréttinda, þ.e. næsti viðskiptadagur eftir aðalfund.

² **Arðsréttardagur** er sá dagur sem hluthafar verða að vera skráðir í hlutaskrá til að eiga rétt á arði, þ.e. annar viðskiptadagur eftir aðalfund. Þetta þýðir að hluthafar sem hafa keypt hluti á aðalfundardegi munu fá greiddan arð.

³ **Útborgunardagur** er sá dagur sem arður er greiddur út til hluthafa.

5. Tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun og breytingu á samþykktum félagsins

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu um lækkun á eigin hlutum:

„Aðalfundur Eimskipafélags Íslands hf., haldinn þann 9. mars 2023, samþykkir að lækka hlutafé félagsins um 1.700.000 kr., úr 173.050.000 kr. í 171.350.000 kr. að nafnverði. Lækkunin verður framkvæmd með lækkun á eigin hlutum félagsins sem nema framangreindri fjárhæð, að uppfylltum skilyrðum laga um hlutafélög.“

Þannig leggur stjórn til að grein 2.1 í samþykktum verði breytt til samræmis og muni verða svohljóðandi verði tillagan samþykkt:

„Hlutafé félagsins er kr. 171.350.000.“

Greinargerð stjórnar:

Þann 30. maí og 18. ágúst 2022 tók stjórn félagsins ákvörðun um framkvæmd endurkaupaáætlana skv. heimild í grein 11.2. í samþykktum þess. Tilgangur fyrri áætlunarinnar var að lækka útgefið hlutafé félagsins og/eða að uppfylla skuldbindingar á grundvelli kaupréttaráætlunar félagsins og tilgangur síðari áætlunarinnar var að lækka útgefið hlutafé félagsins. Tillagan felur í sér að eigin hlutir sem voru keyptir í síðari endurkaupaáætluninni verði ógiltir. Verði tillagan samþykkt lækkar hlutafé félagsins úr 173.050.000 kr. í 171.350.000 kr. að nafnvirði. Lækkunin verður framkvæmd þegar lögmæt skilyrði eru uppfyllt.

6. Tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár að fjárhæð kr. 3.500.000 að nafnverði með greiðslu til hluthafa og breytingu á samþykktum félagsins

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu um lækkun hlutafjár:

„Aðalfundur Eimskipafélags Íslands hf. haldinn fimmtudaginn 9. mars 2023 samþykkir að færa niður hlutafé félagsins um kr. 3.500.000 að nafnverði með greiðslu sem nemur kr. 1.925.000.000. Fjárhæðin verður greidd út til hluthafa félagsins hlutfallslega í samræmi við hlutafjáreign þeirra í lok dags. 26. apríl 2023, ef lögboðnar forsendur eru þá uppfylltar, eða við fyrsta mögulega tímamark þar eftir þegar lögboðnar forsendur fyrir útgreiðslunni hafa verið uppfylltar.“

Þannig leggur stjórn til að grein 2.1 í samþykktum verði breytt til samræmis og a.t.t. tillögu 6 muni verða svohljóðandi verði tillagan samþykkt:

„Hlutafé félagsins er kr. 167.850.000.“

Greinargerð stjórnar:

Við uppgjör þriðja ársfjórðungs 2019 í lok nóvember var framtíðar fjármagnsskipan félagsins kynnt. Markmið félagsins er að viðhalda eiginfjárhlutfalli nálægt 40% og hóflegu skuldsetningarhlutfalli sem væri 2-3 sinnum nettó vaxtaberandi skuldir á móti EBITDA. Markmiðið með þessu var að auka gagnsæi og fyrirsjáanleika og þar með auka þjónustu við fjárfesta og greinendur á markaði.

Sú staðreynd að eiginfjárhlutfall félagsins er töluvert umfram langtímamarkmið, skuldsetningarhlutfall töluvert undir langtímamarkmiði, ásamt sterkri lausafjárstöðu, gefur tilefni til þess að aðlaga fjármagnsskipan til að færast nær langtímamarkmiðum.

Hlutafjárlækkunin verður framkvæmd þegar allar lögboðnar forsendur fyrir útgreiðslunni hafa verið uppfylltar.

7. Tillaga stjórnar um breytingar á greinum 2.6 og 2.7 í samþykktum félagsins

Stjórn félagsins leggur til eftirfarandi breytingar á greinum 2.6 og 2.7 í samþykktum félagsins.

Þannig leggur stjórn til að grein 2.6 í samþykktum verði breytt og muni verða svohljóðandi verði tillagan samþykkt:

„Hlutir félagsins eru skráðir rafrænt í verðbréfamiðstöð, sem starfar samkvæmt lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna, með síðari breytingum. Yfirlit verðbréfamiðstöðvar um eigendur hluta í félaginu er fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu.“

Þannig leggur stjórn til að grein 2.7 í samþykktum félagsins verði breytt og muni verða svohljóðandi verði tillagan samþykkt:

„Þegar hluthafi hefur greitt hlut sinn að fullu, skal hann skráður sem eigandi í verðbréfamiðstöð, sem starfar samkvæmt lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna, með síðari breytingum og sem veitir honum réttindi í félaginu svo sem lög og samþykktir þessar mæla fyrir um. Gagnvart félaginu skal rafræna hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Arðgreiðslur og hvers konar tilkynningar til hluthafa skal senda til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.“

Greinargerð stjórnar:

Greinar 2.6 og 2.7 í samþykktum félagsins vísa til ákvæða laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Þau lög voru felld úr gildi með lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna og eru þessar greinar samþykktanna nú uppfærðar til samræmis.

8. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins

Stjórn félagsins leggur ekki til breytingar á starfskjarastefnu félagsins heldur að núverandi stefna verði samþykkt óbreytt. Starfskjarastefnan er meðfylgjandi á sér skjali.

9. Kosning stjórnar félagsins

Skýrsla tilnefningarnefndar Eimskips og tillögur hennar um tilnefningu stjórnarmanna er birt með þessum endanlegum tillögum stjórnar til aðalfundar. Einstaklingar sem nefndin tilnefnir ekki verða ekki sjálfkrafa í kjöri til stjórnar félagsins á aðalfundi. Almennur frestur skv. samþykktum til að bjóða sig fram til stjórnar rennur út 27. febrúar 2023 kl. 16:00. Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar félagsins verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn, sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

10. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar

Stjórn félagsins leggur til að stjórnarlaun vegna ársins 2023 verði óbreytt frá fyrra ári og sem hér segir:

Stjórnarformaður	kr. 700.000 á mánuði
Varaformaður	kr. 550.000 á mánuði
Meðstjórnendur	kr. 350.000 á mánuði
Varamenn	kr. 140.000 fyrir hvern setinn fund, þó ekki hærra en kr. 350.000 fyrir hvern mánuð
Nefndarmenn í endurskoðunarnefnd	kr. 140.000 á mánuði
Nefndarmenn í	

starfskjaranefnd kr. 140.000 á mánuði

Nefndarmenn í
Tilnefningarnefnd kr. 140.000 á mánuði

Stjórnarlaun og laun nefndarmanna eru ákveðin fyrirfram fyrir kjörtímabilið.

11. Kosning endurskoðenda

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að PricewaterhouseCoopers ehf., Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, verði kjörið sem endurskoðunarfélag Eimskipafélags Íslands hf. fyrir árið 2023.